

7. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 25. nóvember 2015 kl. 20:00.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



1. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

Fyrir liggur tilboð frá Sveitarfélaginu Árborg um að framlengja þjónustusamning um eitt ár. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir viðræðum við sveitarfélagið um framlengingu og breytingar á samningi í samræmi við umræður á fundi.

2. Svör bæjarráðs við erindum Umf. Selfoss

a) Fjárveitingar til merkingar á íþróttamannvirkjum. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir að tillögur framkvæmda- og veitusviðs Árborgar um bættar merkingar sem sýna aðkomuleiðir að íþróttamannvirkjum verði unnar í samvinnu við Umf. Selfoss.

b) Rekstur íþróttamannvirkja sveitarfélagsins á Selfoss. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir í samvinnu við menningar- og tómstundafulltrúa.

c) Þáttaka í rekstri meistaraflokka. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir við gerð nýs þjónustusamnings.

d) Breytingar á íþróttahúsi Vallaskóla. Óskað eftir álitni handknattleiksdeildar á framkvæmdum í anddyri sem og að fylgja eftir erindi deildarinnar um breytingar á búningsklefum.

e) Leyfi til veitinga á léttu víni í Tíbrá. Óskað eftir greinargerð frá knattspyrnudeild.

3. Héraðsþing HSK 2016

Sveitarfélagið Árborg hefur samþykkt að halda Héraðsþing HSK árið 2016 í samstarfi við Umf. Selfoss. Er það við hæfi á 80 ára afmæli félagsins á næsta ári og vill framkvæmdastjórn koma á framfæri þakklæti til sveitarfélagsins.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum og leggja fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

5. Fundargerðir deilda

Samþykkt að fyrirmyndarstyrkur verði ekki greiddur út til deilda nema fundargerðum sé skilað með reglubundnum hætti. Framkvæmdastjóra falið að búa til starfsreglur í samráði við deildir.

6. Tóbaksnotkun

Framkvæmdastjórn áréttar að tóbaksnotkun er bönnuð í öllu starfi félagsins.

7. Skjávarpi

Samþykkt kaup á skjávarpa í Tíbrá.

8. Færsla á bókhaldi

Samþykkt að yfirfara bókhald félagsins í samstarfi formenn deilda á næsta fundi aðalstjórnar.

9. Selfossþorralót

Tekið fyrir bréf frá Einari Björnssyni vegna Selfossþorralót.

Framkvæmdastjórn ítrekar afstöðu sína frá síðasta fundi aðalstjórnar þar sem samþykkt var að félagið félli frá allri þátttöku í þorralóti þ.m.t. að nota merki félagsins í kynningu og sölu á miðum.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:15.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**